

Ed.

907. Breytingartillaga

við frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til ýmissa ráðstafana vegna viðskiptasamnings við brezku stjórnina.

Frá allsherjarnefnd.

Á eftir 3. gr. kemur ný grein, sem verður 4. gr., og breytist greinatalan samkv. því:

Í reglugerðum þeim og öðrum fyrirmælum, er sett verða samkvæmt lögum þessum, má ákveða sektir fyrir brot gegn þeim, allt að 10000 kr., er renna í ríkissjóð, og skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála.